



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2017

1701078SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frv. til br. á sveitarstjórnarlögum, 375. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á fjölda aðalmanna þar sem íbúar eru fleiri en 50.000. Frumvarpið gerir ráð fyrir að í þeim tilvikum skulu aðalmenn vera 15-27, í stað 15-23 þar sem íbúar eru 50.000-99.999 og 23-31 þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Í frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess er að afnema þá lagaskyldu sem hvílir á Reykjavíkurborg, sem er eina sveitarfélagið með yfir 50.000 íbúa, skv. 5. tölul. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum, að fjölga borgarfulltrúum úr 15 í að minnsta kosti 23 við næstu sveitarstjórnarkosningar í maí 2018 og færa það í hendur borgarstjórnar sjálftrar að ákveða hvort þörf sé á fjölgun borgarfulltrúa. Í frumvarpinu felst þó sú efnisbreyting að borgarfulltrúar verði ekki á bilinu 23-31, sbr. 11. gr. gildandi laga, heldur yrðu þeir á bilinu 15-27, skv. nánari ákvörðun borgarstjórnar.

Sambandið hvetur til þess að vel sé farið yfir athugasemdir Reykjavíkurborgar í málinu þar sem frumvarpið hefur einungis áhrif á fjölda kjörinna fulltrúa í því sveitarfélagi.

Að öðru leyti telur sambandið ekki vera tilefni til athugasemda við frumvarpið, enda er sú breyting sem þar er lögð til einföld. Engin áform hafa komið fram um að borgarfulltrúar verði fleiri en 27 og því má væntanlega slá því föstu að frumvarpið feli ekki í sér neina skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga heldur stuðli það mögulega frekar að styrkingu hans, með því að færa ákvörðunarvaldið í hendur borgarstjórnar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri